

Nd.

922. Frumvarp til laga

[363. mál]

um stöðvun verkfalls Félags íslenskra atvinnuflugmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Hæstiréttur tilnefni þrjá menn í kjaradóm, sem skal fyrir 15. júní 1984 ákveða kaup og kjör þeirra félagsmanna Félags íslenskra atvinnuflugmanna, sem starfa hjá Flugleiðum.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja kjaradómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Kjaradómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum, opinberum aðilum og fyrirsvarsmönnum Flugleiða og Félags íslenskra atvinnuflugmanna.

2. gr.

Kjaradómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara flugmanna hafa til viðmiðunar við úrskurð sinn síðastgildandi kjarasamning aðila og þær almennu kaup- og kjarabreytingar, sem orðið hafa samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði frá gildistöku laga um launamál nr. 71/1983.

3. gr.

Akvarðanir kjaradóms samkvæmt 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Verkbönn, verkföll, þ. m. t. samúðarvinnustöðvanir, eða aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála eru óheimilar.

5. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi er Flugleiðum hf. óheimilt að segja flugmönnum þeim, sem lögin taka til, upp starfi nema þeir uppfylli ekki lengur lágmarkskröfur sem gerðar eru til hæfni flugmanna eða hafi gerst sekir um brot í starfi.

Nú þykir vafi leika á um réttmæti uppsagnar samkvæmt 1. mgr. og sker þá Félagsdómur úr ágreiningnum.

6. gr.

Kostnaður við störf kjaradóms samkvæmt 1. gr. laga þessara, þar á meðal laun dómenda eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum, ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. október 1984. Úrskurður kjaradóms samkvæmt 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Félag íslenskra atvinnuflugmanna hefur nú á þessu vori tvívegis boðað til vinnustöðvunar þeirra félagsmanna sinna, er starfa hjá Flugleiðum. Fyrri vinnustöðvunin skyldi vara dagana 11. og 12. maí sl. Þeirri vinnustöðvun var aflýst með innan við sólarhrings fyrirvara, en um leið boðað til nýrrar vinnustöðvunar dagana 18., 19. og 20. maí n. k.

Ljóst er að slík vinnustöðvun hefði í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir atvinnugreinar sem eru jafn viðkvæmar og flug- og ferðamannaþjónusta. Endurteknar verkfallsboðanir fámennra hópa í þessum greinum eru til þess fallnar að valda þúsundum ferðamanna erfiðleikum, skerða nauðsynlegar samgöngur þjóðarinnar við önnur lönd og ógna atvinnuhagsmunum þeirra starfsmanna er byggja afkomu sína á þjónustu við ferðamenn.

Af fyrri reynslu er ljóst að stöðvun stærsta hluta farþegaflugsins, eða endurteknar hótanir þar um, geta valdið því að fjöldi ferðamanna, sem hafa ætlað að ferðast til Íslands á sumri komanda, breytir ferðaáætlunum sínum. Slíkt ástand leiðir einnig af sér verulega skert traust á íslensku áætlunarflugi og stefnir í voða árangri af viðtæku erlendu kynningarstarfi á Íslandi sem ferðamannalandi. Vinnudeila Flugleiða og Félags íslenskra atvinnuflugmanna teflir því mun viðtækari hagsmunum í tvísýnu en þeirra sem í deilu eiga, þ. á m. hagsmunum þeirra þúsunda launþega, sem með einum eða öðrum hætti vinna við ferðamannaþjónustu hér á landi.

Vinnudeila þessi hefur nú um hríð verið í höndum ríkissáttasemjara, sem haldið hefur nokkra fundi með deiluaðilum en án árangurs.

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að samningar stéttarfélaga séu í öllum meginatriðum innan þess ramma, sem Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands hafa samið um. Nú er það hins vegar ljóst að kröfur FÍA liggja langt utan þess ramma.

Til þess að fyrirbyggja að FÍA geti með verkföllum knúið fram óraunhæfa kröfugerð sína og til verndar mikilvægum hagsmunum fyrirtækja og starfsmanna á sviði flug- og ferðamannaþjónustu er frumvarp þetta lagt fyrir Alþingi.